



FRAMSÓKNARFLOKKURINN

HEFJUM NÝJA SÓKN

Hólmar Örn Finnsson býður sig fram í 2.-4. sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í NA-kjördæmi.

RÓTTÆK ENDURNÝJUN:

Alls staðar í samfélaginu hljómar kallið um endurnýjun, þá einna helst á sviði stjórnmalanna. Það sem ég mun hafa að leiðarljósi er; **fagmannleg vinnubrögð** í stað flokkadrátta, **gagnsæi**, **jafnrétti** borgaranna, **réttlæti**, **samvinna** og **skynsemi**. Þessi kjörorð ríma vel við gömlu góðu gildi Framsóknarflokksins og með þau að leiðarljósi vil ég koma að endurreisn flokksins og íslensks samfélags. **Við þurfum nýtt fólk til að hefja nýja sókn!**



AÐGERÐIR, STRAX:

Engum dylst sú erfiða staða sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir. Því hefur aldrei verið mikilvægara en nú að stjórnmalamenn tileinki sér að leysa málin og ganga til verka. Nú þarf að grípa til aðgerða og endurskoðunar.

- Róttækar aðgerðir í þágu skuldsettra heimila og fyrirtækja
- Gagnger endurskoðun á regluverki og eftirliti á sviði fjármála og viðskipta
- Skoða möguleika Íslands varðandi framtíðar gjaldmiðil og aðild að ESB
- Tryggja að hjól atvinnulífsins haldi áfram að snúast
- Koma á fót stjórnlagapingi og þrískiptingu ríkisvaldsins

Sjá nánar á:
www.holmarf.blog.is



FRAMSÓKNARFLOKKURINN

HEFJUM NÝJA SÓKN

KRAFTUR Í KJÖRDÆMINU:

Kjördæmið er stórt og staðan er misjöfn eftir svæðum, en alls staðar eru tækifæri.

- **Nýtum orkuna í kjördæminu**, þá helst jarðvarmann, til uppbyggingar á stóriðju eða til stóraukinnar innlendirar framleiðslu t.d. á grænmeti.
- **Landbúnaður** og framleiðsla honum tengd er undirstöðu atvinnugrein á svæðinu. Kjördæmið er eitt gjöfulasta landbúnaðarsvæði landins. Eflum það enn frekar með áherslu á nýtni, nýsköpun og sjálfbærni.
- **Sjávarútvegur** er grundvallaratvinnugrein á mörgum stöðum í kjördæminu. Það þarf að hlúa að því að hægt sé að stunda sjósókn frá minni stöðum og gera mönnum kleift að nýta það sem aflað er betur.
- **Efling Háskólans** á Akureyri með tengingu á aðra staði, t.d. Egilsstaði er mikilvæg. Þar er gríðarleg þekking til staðar sem tengist m.a. orkunýtingu og sjávarútvegi. Tækni-háskólasetur á Egilsstöðum með áherslu á nýsköpun og nýtingu hrávöru t.d. áli.
- **Byggðastefnu í bankana.** Tryggja þarf að heimamenn sitji fyrir um kaup á þeim fyrirtækjum sem kunna að lenda hjá bönkunum vegna slæmrar stöðu á næstu misserum.
- **Ný störf.** Við í NA-kjördæmi eigum heimtingu á því að störf í tengslum við hugsanlega olíuleit eða norðuleiðarsiglingar verði til á svæðinu, allt frá skipulagsvinnu til framkvæmda.

Sjá nánar á:
www.holmarf.blog.is